


Úfgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 58. TBL. 12. ÁRG. DESEMBER 1989



Ein uppgötvun er alltaf inngangur að annarri stærri.

Helgi Pjeturss.

Ingvar Agnarsson:

Vetrarbrautin formfagra

(Sjá forsíðumynd)

Ein af fugurstu vetrarbrautum sem þekktar eru, er **M 81** í stjörnumerkinu Stórabirni á norðuhveli himins.

Það vekur undireins athygli, ef skoðuð er ljósmynd af þessari björtru geim-eyju, hve lögun hennar er ákaflega regluleg: armarnir sem út frá henni ganga mega heita eins hvort sem litið er á þá hægramegin eða vinstramegin við aðalkjarnann.

Ósjálfrátt kemur manni í hug, þótt stuðst sé aðeins við þessa fagurmótuðu formfestu, að hér kunni fleira undir að búa, og að fullkomnara vitlíf lengra þróaðra og samstilltari mannkynja muni eiga hér heimkynni sín. Því þar sem lífið er á réttri þróunarbraut, er og líklegt að saman fari innri máttur og ytri fugurð og samræmi í stóru sem smáu.

Hægt er að sjá **M 81** í litlum sjónauka á heiðskírri nóttu, (sýndarbirtan er um 8 stig). Miðkjarni hennar er bjartur og tiltölulega stór, og armarnir sjást einnig vel, en þar ber einnig talsvert á dekkri þokutaumum sem virðast liggja eftir örmunum endilöngum eða á milli þeirra.

Pvermál þessarar vetrarbrautar er talið um 36.000 ljósár, en efnismagn hennar allt að 250 þúsund milljón-falt á við okkar sól.

M 81 er önnur aðalvetrarbrautin í hvirfingu, sem telur um það bil 12 vetrarbrautir í Stórabirni. Mun þetta vera sú vetrarbrautarþyrpingin, sem næst er þeirri hvirfingu sem okkar vetrarbraut tilheyrir, og er um það bil 9 milljón ljósára fjarlægð milli þeirra.

Hér er verðugt verkefni handa þeim sem áhuga hafa á stjörnuskoðun og aðgang hafa að nauðsynlegum tækjum til þeirrar iðkunar.

The Astronomer's Manual bls. III.

Steinar Pálsson, Hlíð:

Uppruni lífsins og takmark

Heilabrot

Löngum hafa menn reynt að ráða gátuna um sköpun heimsins. Trúarbrögðin hafa komið fram með sínar skýringar á þessu og ekki síst á upphafi lífsins. Þar var þróunarkenningin að sjálfssögðu ekki með.

”Hvað er líf og hvað er heimur?” spyr Kristján Jónsson og svarar síðan: „Það er af vindi vakin alda, er verður til og deyr um leið.” Var það kannski þessi mikla góta, sem varð honum ofviða? Mörgum hefir hún verið torleyst.

Ég man að þegar ég var unglingsur var ég stundum að hugleiða hvar heimurinn gæti endað. Ég gafst venjulega fljótt upp á að hugsa um þetta. Mér fannst að ef ég færi að hugsa mjög fast um þetta gæti ég hreint og beint orðið vitlaus. Eitt er þó víst, að engar líkur eru til að sá heimur sem við getum séð með stjörnusjánum sé annað en eins og ósýnileg rykogn í alheiminum. Er þetta kannski allt ein lifandi heild? Hvernig varð þessi mikli heimur til? Mér hefir alltaf þótt mikið koma til hins fræga texta: „Í upphafi var orðið, og orðið var hjá Guði, og orðið var Guð.” Þarna hefir maður strax á tilfinningunni að „orðið” hlýtur að hafa einhverja sérstaka merkingu. Helgi Pjeturss sagði, þar sem hann fjallaði um þennan furðulega texta, að „orðið” mætti líka þýða með orðinu „fyrirætlun”. Þegar maður les þennan texta finnst manni ósjálfrátt að „orðið” hljóti þar að hafa merkingu í þá átt.

En hvað skal segja um upphaf og þróun lífsins? Okkar sólkerfi á sér upphaf og endi. Það er útilokað að lífið hafi orðið hér til fyrir einhverja undarlega tilviljun. Lífið á þessari jörð hlýtur að vera angí af lífi í alheimi. Það verður ekki fyrst til á þessari jörð, fremur en jurt sem ekki verður

ræktuð án þess að sáð sé frækorni. Þegar lífið hefst á jörðinni, hlýtur það að hafa í sér einskonar fyrirheit um framþróun í vissar áttir, rétt eins og frækorn sem sáð er. Þegar við lítum á dýrin, fuglana og ekki síður blómin, hlýtur okkur að vera ljóst að hér getur ekki verið um tilviljanir að ræða. Hvaða tilgangi gæti fegurð blómsins þjónað, ef náttúruúrvalið eitt ætti að ráða ferðinni? Hinar svokölluðu óæðri lífverur hafa margar miklu auðveldari lífsmöguleika heldur en hinar æðri, eins og Helgi Pjeturss bendir einhversstaðar á í Nýal. Enginn trúir lengur að náttúruúrvalið sé næg skýring á framþróuninni. Við upphaf lífsins á jörðinni er stefnt að vissu marki og engar líkur á að þar sé komið að einhverju lokatakmarki. „Guð skapaði manninn í sinni mynd,” segir í sköpunarsögunni. Og „orðið”, eða „fyrirætlunin” var Guð, eins og segir í öðrum frægum texta, sem ég vitnaði áður í. Þróun mannsins til fullkomnumunar mun halda áfram, nema hann verði sjálfur til þess að stöðva hana. „Sannleikurinn mun gera yður frjálsla”, sagði Kristur. Er það ekki það nauðsynlegasta af öllu að mannkynið átti sig á undri lífsins og fánýti grimmdarinnar og styrjaldanna. Hvað er lífið? Það er eins og fljót sem stöðugt leitar úthafssins. Lífið á jörðinni er eins og dropi, sem á eftir að sameinast fljótinu. Einangrun lífsins á þessari jörð okkar er jafn óhugsandi eins og jörðin sjálf væri án alls sambands við alla sólnamergðina í alheiminum.

Nú stendur mannkynið í sömu sporum og hinar fornu menningarþjóðir, þegar þeirra menning hefir hrunið. Vopnabúnaðurinn tekur sífelldum framförum. Vísindin vita margt um efnið, en lítið um lífið. Trúarbrögðin hafa vitað að lífið er æðra efninu og stefnir að einhverju æðra marki. En svo kemur dansinn kringum gullkálfinn. Hin kolsvarta efnishyggja viðurkennir ekki að lífið er það sem skiptir máli. Vísindin verða að koma trúarbrögðunum til hjálpar, en ekki rífa þau niður. Hinar fornu menningarþjóðir hafa marg-sinnis staðið í svípuðum sporum og mannkynið stendur nú. Það er líkt og staðið sé við einhvern þróskuld sem erfitt er að komast yfir. Það virðist svo sem ekki verði lengra komist

án meiri vitneskju um lífið, upphaf og framhald. Kyrrstaða virðist ekki möguleiki, eins og Jónas orðaði það: „Það er svo bágt að standa í stað, því mönnunum munar, annaðhvort aftur á bak, ellegar nokkuð á leið.”

Steinar Pálsson, Hlíð, Gnúpverjahreppi.

Tíminn 3. 3. 1987

Gunnar Hjörvar:

Íslensk tunga og líkamlegt útlit.

(Hugleiðing)

Fyrir miðilsmunn er sagt: ”Talfæri fjartalandans tengjast talfærum miðilsins”. (FM. 129) Nú á slíkt samband sér oftar stað en í miðilssambandi. Hugboð eru sama eðlis. Orð berast í talfærin eins og óboðnir gestir. Það bendir til þess, að orkuflutningur eigi sér stað um talfærin. Jafnvel að tungutakið móti andlitið og allan líkamann. Gott mál stuðli að bættu líkamlegu útliti.

Nú er íslensk tunga göfugust og fegurst allra tungna. Þess vegna ættu Íslendingar og þeir, sem íslensku tala, að líta betur út en aðrir. Til þess bendir einmitt hinn tiltölulega mikli fjöldi fegurðadrottninga á Íslandi. Þær stúlkur, sem sækjast eftir því að verða fegurðadrottningar og aðrir, ættu því að byrja á því að huga að tungutaki sínu, göfga það og fegra, þá fylgdi fegurra útlit á eftir.

17. 09. 1986.

Myr

Hinn seki þekkir syndarinnar kvalir
og getur orðið lýðsins leiðarstjarna
og verndað hina veiku frá að hrasa.

Davíð Stefánsson. Að norðan, bls. 198

Þorsteinn Guðjónsson:

Upphaf félags Nýalssinna

Fyrsta tilraun í þá átt að stofna til sambands milli fólks, sem vildi styðja málefni Nýals, sem mér er kunnugt um, var sú, sem móðir míن, Málfríður Einarsdóttir, gerði um 1925, og fann ég gögn um þessa tilraun hennar nýlega. En hún var of þollítil til þessa að halda þessu uppi til lengdar. Svo er að sjá sem faðir minn, Guðjón Eiríksson, hafi vel tekið undir þetta í fyrstu, því að Nýal heimilisins hafði hann sér merktan.

Árið 1927 gerði Bjarni á Brekku rösklega tilraun til að safna Hornfirðingum undir merki Nýals, og sópaði svo að því, að ihaldsmaður nokkur í trúmálum kvað svo að orði, að þarna væri „Pjeturss-kirkja“ að rísa á legg.

Á 4. áratug aldarinnar gerði Þorsteinn Jónsson nokkrar tilraunir til að koma á samböndum og hefur hann rakið það í greinum í Félagsblaði Nýalssinna.

Um 1942 náðu þeir Árni Óla og Jónas Guðmundsson að koma saman nokkrum áhugamönnum í Reykjavík, í þeim tilgangi að stofna félag, en ekki varð af því, og ekki mun Helgi Pjeturss hafa talið þetta tímabært þá.

Sumarið 1948 birtist í tveim dagblöðum stutt grein frá Þorsteini Jónssyni „Til lesenda Nýals“, þar sem hann bað þá að skrifa sér, sem vildu eiga samfylgd með öðrum um þessi mál. Sagði mér síðar sá, sem kom greinunum til blaðanna, að þá hefði hann þurft mest að harka af sér. Engu að síður leiddi þessi grein til þess að hópur fólks náði sambandi sín á milli, og af því leiddi síðan formlega stofnun Félags Nýalssinna á gamlársdag 1950. Væri ýmsar sögur skemmtilegar hægt að segja af þeim aðdraganda, en fyrsti fundur þeirra, sem við brugðu, var haldinn á Styrimannastíg 16, hjá frú Bjarnveigu Bjarnadóttur, í október 1948. Litlu síðar var

Þorsteinn Jósefsson staddur heima hjá foreldrum mínum, í húsvarðaríbúð Pósthússins gamla, og bar hann okkur þessa frétt. Ákvað ég þá að bíða með að gefa mig fram þangað til ég hefði lokið stdentsprófi, en það var allt með höppum og glöppum vegna veikinda minna þau árin. En þó fór svo, að ég skrifaði Þorsteini á Úlfssstöðum um jólaleytið, og hefur sá þráður ekki fallið niður síðan.

Daginn sem þessi Stýrimannastígsfundur var haldinn, seinkaði ferð Þorsteins Jónssonar austan af Laugarbökkum, og þegar hann loksns kom í borgina, bað Bjarnveig Sveinbjörn Þorsteinsson símleiðis blesсаðan að koma sem allra fyrst með Þorstein, því að fólk ið sæti þegjandi í tveim samliggjandi stofum og biði eftir fundarboðanda. Þegar þeir Sveinbjörn komu, tók Þorsteinn sér stöðu milli herbergjanna, fór að lýsa því að hverju stefna skyldi, og mun hoñum hafa tekist allvel upp, þótt síst væri hann vanur fundarmaður. Mun hann hafa reifað nokkur aðalatriði Nýalsmála og tekið sérstaklega fram að vísindalegri stefnu yrði menn að fylgja. Tók Sigurður F. Ólafsson rösklega undir það. — Alveg sérstakar þakkir og aðdáun á þetta fundarfólk fyrir eitt: að það beið þegjandi þangað til þessi frummælandi kom. **Því var svo mikið í mun,** að enginn vildi segja neitt marklaust. En eftir að Þorsteinn hafði mælt lausnarorðin, fór fólk ið að tala. Þessi sátu fundinn:

Sigurður F. Ólafsson, kaupmaður
Eyþór Gunnarsson, læknir
Sveinn Haraldsson, verkamaður
Hálfdán Eiríksson, kaupmaður
Guðmundur Kristinsson, verkamaður
Valdimar Guðlaugsson, húsasmiður
Hannes Guðlaugsson, trésmiður
Jóhannes Kristjánsson frá Eyvík
Einar Jóhannsson, vélstjóri
Sveinbjörn Þorsteinsson, kennari
Þorsteinn Þorsteinsson, þá námsmaður, Húsafelli
Kristleifur Þorsteinsson, bónasonur s.st.
Ingibjörg Björnsson, skrifstofukona

Guðrún Guðjónsdóttir, húsmóðir
Þorsteinn Jónsson, bóndi, rithöfundur
Magnús Kolbeinsson, Stóra-Ási, bónðasonur.

Ennfremur Bjarnveig Bjarnadóttir, sem vinveitt var þessu frumkvæði, hvort sem hún hefur ætlað sér nokkra þátttöku í væntanlegu félagi.

Af þeim sem bráðlega urðu að nokkru ráði virkir í félaginu vantar þarna Benedikt Björnsson, Ingvar Agnarsson og mig. Einnig mætti nefna Hallbjörn Halldórsson prentara og Guðmund Kristinsson Selfyssing, sem komu til liðs á öðrum stofnfundi, Ásmund Guðbjörnsson og Samúel D. Jónsson. Reyndar bættust virkir félagar sífellt við, og hefur svo verið æ síðan. Ótaldar eru þær hjálparhendur sem rést hafa út til að greiða fyrir því að það starf gæti farið fram sem þó hefur orðið. Þegar þess er gætt, hve mikilli vinsemd og góðum vilja þetta starf hefur víða mætt, fer ekki hjá því að maður furði sig á því, að árangur hefur látið á sér standa. (Lítilsvirðingu og óvild hefur einnig verið að mæta, en þó fyrst og fremst sljóleika og hugsunarleysi).

Einhverntíma, þegar félagið var orðið nokkurra ára, en ekki margra, barst þetta með árangurinn í tal milli okkar Valdimars Guðlaugssonar. Ég sagðist búast við árangri upp úr 1970, og fór þar eftir „hálfaráldarreglu“ því ég þóttist hafa fundið, að miklar uppgötvunar næðu oft framgangi að þeim fresti liðnum. Ekki reyndist þetta sannspá. En Valdimar tók lengra til og talaði um 1985-90, og fannst mér þess langt að bíða.

Sú er míni hyggja að vald helstefnunnar sé býsna mikið, „meira en menn viti“. Það væri mikil list að kunna að rekja þá þræði. En þó er ekki um að villast, að frá stjörnunum kemur hjálpin, ef af hjálp verður. Um aðra staði er ekki að ræða. En þó þarf að starfa sjálfstætt og markvisst, „hérnarmegin“ einnig, því að án slíkrar sjálfráðrar viðleitni grípa guðirnir í tómt og geta ekki veitt þá hjálp, sem þeir vilja.

09. 10. 1989, Þorsteinn Guðjónsson

Minnisvert atriði: Sveinn Haraldsson hefur sagt mér þetta: Veturinn 1948-49 voru nokkrir fundir haldnir, og meðal þeirra sem þar vildu vera með, voru tveir KFUM-menn, og skal sú þátttöku-viðleitni þeirra síst löstuð. En Jóhannes Kristjánsson hafði þá sagt: „Þeir skadda ljósið“. Þessi sérkennilegu orð kynnu að fela í sér meira en margan grunrar. Ljós það, sem tendraðist yfir þeirri tilraun, sem Nýall er, skín skærara en nokkurt annað sem komið hefur yfir þessa jörð. Nái það að lýsa, mun birta að fullu.

P. G.

Helgi Pjeturss:

Ný jarðold

Mun það þá sannast að það eru engar ýkjur þegar ég segi, að ný jarðold muni hefjast, þegar á vorri jörð verður á vísindalegan hátt farið að stunda samband við lífið á stjörnunum. En það er að nokkru leyti líf þeirra, sem hér á jörðu hafa áður lifað. Og svo eiga á stjörnunum heima æðri verur, langtum furðulegri og meir megandi en guðir nokkurrá trúarbragða, þó að þeir geti ekki til neinnar hlítar liðsinnt íbúum jarða, þar sem fávikan er á því stigi, að ekki er vitað af þeim, en athafnir og hugarfar mest þannig, að umfram allt er stefnt til sambands við þær verur alheimsins, sem einungis eru máttugar í hinu illa. En að oss verður ekki hjálpað fyrr en náð er tilteknu lágmarki þekkingar og góðvildar, kemur af því hver nauðsyn er á þroska einstaklings-eðlisins. Því að þessi alheimslífheild (*Hyperzoon*), sem er hið stærsta takmark, þýðir ekki það að einstaklingseðlið hverfi í heildinni, heldur er svo mjög á hinn veginn, að þessu takmarki verður ekki náð, ef ekki einstaklingurinn öðlast hinn æðsta þroska.

Sannýall bls. 223-224.

Ingvar Agnarsson:

Lífbjarminn sýnilegi


Alllangt er síðan mönum tókst að ná fram ljósmyndum í hátiðnisviði af geislan þeirri, sem sjáendur höfðu lengi haldið fram, að stafaði út frá lifandi verum, og venjulega gekk undir nafninu *aura* (í íslensku *blik*, *lífgeislan*, skv. skilgreiningu dr. Helga Pjeturss, sem fyrstur varð til þess að gera sér að fullu grein fyrir eðli þessa fyrirbærис.) Kirlian-hjónunum í Rússlandi tókst þegar árið 1939 að ná myndum af þessum geislum.

Allar lifandi verur munu gefa frá sér nokkra lífgeislan, en einnig og einkum mun hér koma fram aðsend geislan, frá þroskaðra lífi á öðrum hnöttum, sem allar lífverur verða aðnjótandi, að meira eða minna leyti. Sé hér um hagstætt afslvæði að ræða til móttöku þessarar aðsendu geislunar, þá magnast hin lifandi vera hér og útgeislun hennar eykst og getur þá komið enn betur fram á ljósmyndaþynnū. Hér er um víxlverkun að ræða og vissulega kemur hér einnig við sögu kærleikur eða góðvild hinn lengra komnu lífgeisla-sendenda, enda mun aldrei geta orðið um aukið orkuað-streymi eða magnan að ræða, nema góðvildarhugsun standi þar að baki.

Í einu kvæði Jónasar Hallgrímssonar kemur skemmtilega fram þessi hugsun, og er í raun sem fagur fyrirboði þess sem löngu síðar var uppgötvað. Hann segir:

„Ást mætir ást
og afli safnar
meir en menn viti.“

og ber hér að sama brunni.



Myndin sýnir Kirlian-mynd af tveim laufblöðum, sem rétt fyrir töku myndarinnar höfðu verið tekin af aspartré. Geislunin er heldur dauf, en þó koma mjög vel fram hin bláleitu litbrigði og hin rauðleita geislun á útjöðrum blaðanna, en auk þess má einnig sjá, ef vel er aðgætt, fjólubláan þéttan bjarma, sem leggur alllangt út frá blöðunum til allra átta.

(Tímaritið *Science* 85, júní, bls. 66).

Þorsteinn Guðjónsson:

Grettisrispur


Pegar Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur kom að Úlfsstöðum í Borgarfirði (um 1965) var honum sýnd jökulrákuð klöpp þar í landareigninni, og sagði hann þá „mikið andskoti er klöppin falleg”. Hann sagðist aðeins vita af einni klöpp í öllum Borgarfirði, sem hann gæti tekið til jafns við þessa - og væru áhöld um hvor betri væri - en hún væri í landi Þingness í Bæjarsveit, en þar á undirritaður ætt sína og óðul. Þessi saga var oft rifjuð upp á Úlfsstöðum fyrr á árum, og tóku tveir Þorsteinar svo til orða um hana sér til gamans, að klappirnar væru þarna komnar þeim til heiðurs.

Nú í ágústmánuði 1989 datt okkur hjónum í hug að fara um Húnaþing í sumarleyfisferð. Eftir hæga ferð að Litla-Hvammi, sem áður hét Speni, komum við að Bjargi og spurðum eftir menjunum um Grettí. „Ekki annað en steinninn í túninu - og svo minnisvarðinn”, var sagt. En minnisvarðinn er á bjarginu, sem bærinn er kenndur við. Er það bjarg allhátt, og gefur það staðnum undireins nokkuð af þeirri reisn, sem honum ber vegna Grettis. Og minnisvarðann leist okkur vel á. Hann er ferstrendur, og er lágmynd í kopar á hverri hlið, en þær eru gerðar eftir minnisstæðum tilsvörum Ásdísar á Bjargi og sona hennar. Ásdís, Grettir, Illugi og Atli eru þar heiðruð. Auðséð er, að þarna hefur listamaður um vélað, bæði hvað handbragð snertir og skilningi á persónum; Allt ber þarna vott um smekkvísi og virðingu við minningu fortíðarinnar, og er gott til þess að vita, að slíkt fólk hefur þarna gengið um og ekki látið sitt eftir liggja. En ekki urðum við neins vís um nafn þessa smiðs, og erum ekki svo fróð um listamenn, að við kunnum að geta okkur til um hann.

En á þessu Bjargi las ég rúnir nokkrar, sem reyndar hefur engin mannshönd skráð, heldur ísöldin. Það eru jökulrispur. Þvílíkar rispur hef ég aldrei séð. Um endilangt bjargið liggja þær, frá suðri til norðurs, dýpri og samfelldari, en ég hefði getað látið mér til hugar koma, að væru á nokkurri íslenskri klöpp, og lengd þeirra svo tugum metra skiptir. Svo er að sjá sem Bjargið hafi verið nokkru harðara en annað grjót, veitt skriðjöklunum meiri móttöðu, svo hann varð að láta sér nægja að skafa dálítið ofan af því, og skilja þar eftir þessar rispur, sem telja má vafalaust, að jarðfræðingar hafi fyrir löngu skoðað og skýrt.

Fyrir komu Grettis hefur ísöldin þarna spáð allrækilega, og skráð skýru letri.

29. ágúst 1989
Þorsteinn Guðjónsson



Á Bjargi stóð..... P. G. 25. 08. 1989.

Myndin sýnir vel jökulrákirnar og gróparnar stórkostlegu sem ísaldarjökullinn hefur eftir sig skilið á þessu athyglisverða bjargi, en minnisvarðinn um Grettí stendur á brún þess og minnir á hina sögufrægu hetju sem um aldir hefur verið hugstæður Íslendingum flestum öðrum framar.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Stórheimskleg vísindi og stórheimsklegar athafnir

„Heimsmyndin að breytast?”, stóð á einum stað stórum stöfum í dagblaði og var ástæðan til þess sú, að sannast hefir nú, að hraðari hreyfingar eiga sér stað í efni en flug ljósgeislans. Var þarna sagt að þrjú stjörnufræðifyrirbæri hafi þegar fundist úti í geimi, þar sem hreyfing sé með tvöþprefoldur: hraða ljóssins, og væri þá breyting heimsmyndarinnar sú, þ.e. þess skilnings, sem um skeið hefir verið ríkjandi varðandi heiminn og tilveruna, að menn færu að sjá, að sá skilningur hefir ekki allskostar verið samkvæmt því, sem raunverulega er.

Það mun hafa verið eftir 1930, að farið var að halda því fram sem óyggjandi vísindaniðurstöðu, að nálægt allar sólstjörnur væru einstæðingar án fylgihnatta og miðaði slíkt, ásamt því að takmarka heimsskilning sinn við hraða ljósgeislans, til þess, að menn snerust gegn kenningu nokkurri, sem hér á landi var víst eitthvað farið að bera fram fyrir 1914. Var í þeirri kenningu talað um alheimslíf og heims-samband lífs, sem tilveruundirstöðu lífsins hér á jörðu. Og þar sem þar var þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir óteljandi sólhverfum slíkum sem okkar og lífgeislanum ósegjanlega miklu hraðfleygari en ljósið, þá var ekki nema eðlilegt, að vegna ríkjandi skilnings næði þessi kenning ekki fram að ganga.

En þar sem það er nú ekki einungis úr sögunni, að ætla plánetur vera algjört fágæti og þar sem það virðist einnig vera dæmt til að hrynda, að ljósgeislinn sé hraðfleygastur alls, þá ætti afstaða fræðimanna gagnvart hinni íslensku kenningu að geta farið að verða á annan veg en til þessa. Og hvort skyldi þá ekki einhverjum geta farið að þykja dálitið

gaman að því að geta sagt frá því með sanni, að vegna skilnings síns á réttmæti hinnar íslensku kenningar, hafi honum alltaf verið það ljóst, að takmörkun tilveruskilnings við fágæti sólhverfa og hraða ljósgeislans, hafi einungis verið vísindaleg stórheimska, og eitthvað á borð við það, að alheimurinn eigi rót sína að rekja til sprengingar eins mikils efniskakkar, sem átt hafi að eiga sér stað fyrir svo sem 10 milljörðum ára. Sú takmörkunarhugsun, sem í slíku kemur fram, hlýtur einnig að dæmast stórheimskleg, þegar horft er út frá því skilningssjónarmiði, að hverju einu beri að rekja uppruna sinn til sambanda við annað, og að frumorsök alls hljóti því að vera sú að altilveran sé óendanleg í tíma og rúmi.

Því verður naumast mótmælt, að á þessari öld hafi jafnvel fremur en á nokkurri öld áður ýmislegt stórheimskulegt átt sér stað, og ber þar fyrst að nefna hinar tvær stórstyrjaldir. Það er ekki hægt að hugsa sér heimskulegri framkvæmdir en styrjaldarathafnir, en því heimskulegri eru þær að sjálfssögðu sem þær er stærri. En hvers vegna var það, að svo reginheimskulegar athafnir skyldu eiga sér stað? Skyldi það ekki einhverntíma geta komið í ljós, svo að öllum megi ljóst vera, að það sem stendur í vegi fyrir því að réttur skilningur sigri, standi einnig í vegi fyrir því, að framkvæmdir verði í rétta átt? Og hvað var það þá sérstaklega í hinni íslensku kenningu, sem leitt hefði mannkynið framhjá hinum stærstu slysum aldarinnar, ef það aðeins hefði þegið þær, um leið og þær í fyrstu voru bornar fram?

Svar við því geta menn fengið á þann hátt að kynna sér þá kenningu. Til þess að öðlast ljósan og meiri skilning á heimi og lífi og til þess að greiða fyrir vorkomu í eigin huga, ættu menn að lesa og hugleiða Nýal dr. Helga Pjeturss.

(Timinn 11. 09. 1987)

Ingvar Agnarsson:

Gjöfin góða - vetrarbrautin fagra

Einn af félögum okkar, Benedikt Björnsson, sem frá upphafi stofnunar Félags Nýalssinna, hefur verið einn af ötulustu baráttumönnum fyrir framgangi þessa málefnis (þ.e. bættum samböndum við lifendur annarra hnatta), hefur um árabil lagt stund á listmálun og mun í upphafi notið leiðsagnar góðra kennara á því sviði. Hefur hann haldið nokkrar sýningar, sem mjög hafa verið athyglisverðar.

Eitt er það atriði í efnisvali hans, sem vakið hefur sérstaka eftirtekt á sýningum þessum, en það eru málverki þau, er lýsa stjórnunum og vetrarbrautum í geimnum. Munu fáir málarar hafa gert sér titt um þau efni, svo mér sé kunnugt.

Fyrir nokkrum árum gaf Benedikt Félagi Nýalssinna stórt málverk og prýðir það nú samkomusal félagsins að Álfholsteigi 121 í Kópavogi, öllum gestum, er þangað koma, til ánægju og yndisauka.

Á málverki þessu má sjá stóra, þyrrillaga vetrarbraut með þéttvöfðum örmum. Snýr hún hlið beint í átt til áhorfandans, sem málarinn hugsar sér að heima eigi á jarðstjörnu í einhverju sólhverfi eigi alllangt frá þessu bjarta fyribæri, vetrarbrautinni miklu, sem svo mjög setur svip á himin hins óþekkta áhorfanda.

Eigi veit ég með vissu, hvort mynd þessi á rót að rekja til eigin fjarsýnar listamannsins, sem ekki væri óhugsandi, eða hvort stjarnfræðileg þekking hefur þar ráðið mestu, samfara aðsendum innblæstri. Eitt er víst og kemur svo vel fram á málverkinu fagra, að himinsýn þessi mun vera í fullu samræmi við það, sem skýrast hefur verið leitt í ljós með fullkomnustu stjörnusjám, sem geimvísindamenn nútímans hafa yfir að ráða.

Það var féluginu mikill fengur að fá þetta málverk í samkomusal sinn og á gefandinn hinum bestu þakkir skildar. Myndin hlýtur að minna hvern þann, er hingað kemur, á þau tengsl, sem hver einn jarðarbúi hefur við íbúa annarra hnatta og á þann tilgang Nýalssinna, að vinna að eflingu sambanda við lengra komna lifendur annarra hnatta.

Ingvar Agnarsson.



Þorsteinn Guðjónsson:

Líf er á öðrum stjörnum

Stofnendur Bandaríkjanna um og fyrir 1800 „trúðu” nær allir á líf á öðrum stjörnum, og það var þess vegna sem þeir voru svona miklir framfaramein, eða réttara sagt, það hélst í hendur hjá þeim að trúa á framtíðina og að hafa þessa hugsun (t.d. John Adams, Jefferson, Franklin, Thomas Paine o.fl., ég hef rekist á nýja heimild um þetta, hjá M. Crowe, sem er á móti þeim og ég kem að síðar, en heimilda-skrá hans er góð). Hinn hressandi gustur sem stafar af ævi-verki slíkra brautryðjenda, og menn halda stundum að heyri fortíðinni einni til, gæti vakist upp að nýju, hvenær sem er, ef mönnum auðnaðist að taka upp rétta hugsun í stað rangrar. Ég tala nú ekki um, ef hún væri aukin og endurbætt til muna, eins og ekki virðist ólíklegt að einhverjum hafi tekist að gera síðan.

Kyrkingslegu og kræklóttu kjarri líkust er hugsun Jarðarmanna. Það var einn í útvarpinu um daginn milli kl. 11 og 12, sem var ákafur í því, „í Jesúnafn á sunnudegi” að hvergi sé líf nema hér. En það var einmitt Jesús, sem benti til himins og sagði: „Þarna!” En hvað er „þarna”? Auðn og tóm? Eða aðrir hnöttir og lífið þar. Hreinlega það og hreint ekki annað. Sá maður er á móti Guði, sem segir, að hann hafi ekki getað skapað líf nema á einum hnetti. Sá maður ómerkir Jesúm, sem í lágkúruskap sínum og í heimildaleysi fer að brigsla honum um að hafa trúað á kristalshvel.

Michael Crowe, prófessor í Bandaríkjunum, hefur skrifað 680 blaðsíðna bók til þess að klekkja á „lifi á öðrum stjörnum”. Ég skrifaði honum og spurði hann hvaðan hann hefði það að tala um „vitsmunaverur utanjarðar” með því orðalagi sem hann hafði (extraterrestrial intelligences). Því gat hann ekki svarað. „Ég ætti að vita þetta, en því miður

er ekki svo” sagði hann í svarbréfi. Það er ekki von, því að orðalagið var ættað úr íslenskri heimspeki.

Furðulega víða hef ég þó rekið mig á spor hinna íslensku vísinda. En mun það nokkurntíma takast að snúa gangi vísindastefnunnar á þessari jörð? Þar liggur mest við, en enginn þarf að halda að lítilsvert sé að við, almennir lesendur og skrifendur, sem ekki náum þangað „upp”, eflum viðleitni okkar til að hafa heldur skynsemi við en skynleysi.

Þorsteinn Guðjónsson



Mikilsvert er að við jarðarbúar hugsun til stjarnanna og gerum okkur grein fyrir hvers eðlis það líf er, sem þar þróast. (Myndin sýnir vetrarbraut okkar frá hlið og frá brún og krossinn sýnir stöðu sólhverfisins í pessu mikla hnattasafni.)

I. A.

S.S.T.

Sýnin fagra og hlutverkið mikla

Ég kom hátt í hlíð og það var sem mér opnaðist sýn: Ég sá yfir eyðilega sanda. Og bak við þær óendenanlegu auðnir gat að líta mikið fjall, sem teygði tind sinn í himinljómans hædir. Hann glitraði og geislaði í fegurð rísandi morgun-sólar.

Hugfanginn horfði ég á fjallið sindurhvítu. Ekkert hafði ég fyrr séð svo töfrafagurt.

Mig greip löngun að komast til þessa töfrandi fjalls. Skyldi nokkur maður nokkru sinni hafa komist yfir auðnirnar miklu, sem skilja það frá hinum venjulega heimi manna? Og nú var sem heyrði ég svar fjallsins eða anda fjallsins berast inn í innstu djúp sálar minnar:

"Enginn jarðneskra manna hefur komist til míni. En þeim sem fyrstur sigrar torfærurnar miklu og kemst að rótum mínum, mun ég opna alla leyndardóma mína. Þeir munu standa honum opnir, og er hann gengur hér um munu hvarvetna blasa við honum bergtegundir, er hann metur til jafns við gull og gimsteina, fegurri öllu fögru, sem heimurinn þekkir, og er hann heldur lengra, opnast honum víðar lendur, þar sem glitfögur aldini glóa og fjöll mun hann sjá, fegurri miklu og bjartari en hann hefur áður augum litið. Fossar í hlíðum falla stall af stalli, ljómandi tjarnir og vötn glóa fagurlega í breiðum dölum, víðáttu hafs heillar hugann og á lofti glóa sólir tvær, önnur blá en hin gulrauð og slá á land og haf einkennilegu og heillandi birtubliki.

Og hvarvetna getur að líta fólk á ferli í leik og starfi, fólk sem að öllu leyti tekur langt fram jarðnesku fólki að fegurð og göfgi.

Byggingu sér hann gnæfa á hæð einni fagurmótaðri. Geislalgit leggur frá því fagra húsi. Þúsundir manna streyma að þessari háu höll. Í fjarska sér hann birtast

”ský skinfagurt” er stefnir til hallarinnar, og er þangað kemur sér hann úr því stíga þúsundir guðlegra vera, er svo ljóma að vart verður í birtuna horft til lengdar.

Hann heyrir raust er til hans talar: ”Vertu velkomin til okkar fagra lands. Lengi höfum við beðið þín. Vittu, að ekki ert þú nú á þínnum hnerti heldur öðrum fullkomnari. Þú munt aftur hverfa til þíns fyrra heimkynnis. En við biðjum þig: Seg frá þessari reynslu þinni. Vertu sendiboði okkar á jörðinni, svo hagur hennar megi vænkast. Síðar munt þú flytja til okkar að fullu, ásamt þeim sem þú hefur snúið til réttrar áttar. Vertu ötull og þrautseigur, þótt erfiðleikum verði að mæta. Til mikils er að vinna.”

Röddin þagnaði og nú fannst mér sem hefði ég sjálfur verið um stund á þessu fagra landi, og séð með eigin augum allt það sem röddin hljómfagra hafði verið að lýsa. En sýnin dásamlega hvarf mér. Og er ég áttaði mig var ég aftur staddir í hlíðinni, þar sem ég áður var. Sandarnir voru horfnir. Og fjallið ljómandi á bak við þá var mér að fullu horfið. Allt virtist sem áður.

En þó var ég nú breyttur, því sýnin fagra stóð mér fyrir hugskotssjónum og raustin máttuga með boðskap sínum hljómaði enn í huga mér.

Ég tók það ráð ”að rifta engum griðum” og að brjóta ei þau boð, er mér voru birt en reyna að vinna ”eftir jarðarhætti”, að eflingu þess guðsríkis, sem mér hafði falið verið, þess guðsríkis, sem mér hafði birst í hugsýn, í ólýsanlega máttugu geislagliði.

Myr Úr fórum Helga Pjeturss.


Vér eigum að verða í því öðrum til fyrirmynnar að taka upp samband við æðri verur, af skynsamlegu viti, en engum átrúnaði.

(Nýall bls. 440.)

Ingvar Agnarsson:

Í Lýsubjörgum

Logar skært
í Lýsubjörgum,
bjart er í byggðum álfa.
Í klungrum
og í klettariðum
ljóma ljósin skær.



Lýsist nótt
af ljósum slíkum,
bjart er í byggðum álfa.
Bjarma slær
á björg og hamra
ljóma ljósin skær.

Eigi er allt
sem auga sýnist.
Bjart er í byggðum álfu.
Önnur er þjóð
á öðrum hnetti.
Ljóma ljósin skær.

(1289)

Ingvar Agnarsson

Vonaland guðanna

Hvert er það land sem liggur
á lífheima mörkum
baðað af sindrandi sólu
og sævarins nið?

Ísland var vonaland allra
upphéima guða.
Orka og ást þangað beindist
frá upphéima drótt.

ENN beinist orka og máttur
til íslenskrar þjóðar,
enn skal hér upphefjast merki
hins algóða lífs.

(2142)

Flótti til sigurs

Draumur um 15. 10. 1989

I.

„Mig dreymdi, að ég væri gangandi á ferð um öldótt landslag, á hálendissvæði, minnti nokkuð á íslenskar heiðar, og í fylgd með mér voru tvær konur og leiddu þær með sér tvö börn, 4-5 ára gömul og tveir karlmenn voru einnig í þessari fylgd, sem var að flýja einhverja skelfilega ógn, en ekki gerði ég mér neina grein fyrir því hver hún var. Komum við að vatnsfalli kolmórauðu og úfnu, og féll þróngt en vatnsmagnið kynni að hafa verið 2-3-falt á við vatnið í Þjórsá. Neðar, á hægri hönd sá ég hvar áin breiddi mikið úr sér rétt áður en hún féll fram af stalli í miklum fossi, en þaðan í þróngu gljúfri til sjávar, og var þar með öllu ófært.

Eina leiðin til að komast yfir sýndist mér vera um breiðina fyrir ofan fossinn, og segi ég nú samfylgdarfólkini þá skoðun mína að þessa leið verði að fara. Kom þá nokkurt hik á mennina, sem töldu þessa leið lítt færa, en ég benti á að hér væri ekkert undanfæri, og skuli þeir nú treysta minni leiðsögn og haldi annar í hönd mér, en hinn komi þar næstur, og leggjum við svo í ána þannig, að ég óð fyrir ofan, en með naumindum vætt fyrir þann sem næstur var, en á þriðja manninum tók vatnið aðeins upp undir hendur. Það fann ég, að ég náði hvergi til botns, og bar mig þó vel áfram.

Pegar yfir var komið verður mér litið til baka, og sé þá að konurnar tvær eru farnar að klifrást niður klettana að fossinum, og verður mér af því betur ljóst en áður hvílik ógn það er sem verið er að flýja. Finn ég hjá mér ríka þörf til að verða þeim að liði, og skiptir það engum togum að ég tekst á loft og svíf yfir fossinum til þeirra, tek í hendur þeirra hvorrrar fyrir sig, en þær halda í börnin og svífum við svo til baka heilu og höldnu.

Við göngum nú enn nokkurn spöl, þangað til við komum að húsi, sem mér þótti ég hafa umráð yfir og bið ég fólkið að koma sér þar fyrir og þiggur það það með þökkum.

„Ég hef heyrt, að þú sért vitrastur maður á landi hér“, segir annar maðurinn einslega við mig, en ég geri lítið úr því og eyði því máli. Nú sé ég, þar sem ég stend við glugga á efri hæð, hvar koma tvö farartæki, sem líkjast bílum, en þó greinilega einskonar herflokkur og ekki í góðum ham. Þeir byrja á því að kasta grjóti að húsinu. Ég hugsa þá þessa hugsun: Fyrir hverja rúðu sem þeir brjóta í þessu húsi, brotnar önnur í farartækjunum. Þetta gekk eftir, og hættu þeir þá að kasta, en fyrirliði þeirra gengur heim að húsinu, og ég geng til móts við hann, rétti síðan út höndina í átt til hans og bregður þá svo við, að hann þagnar gersamlega og hnígur niður nærrí því eins og tómur poki.

Nú geng ég út og tala við liðsmennina, býð þeim að koma inn í húsið, en þeir þiggja það með þökkum og verða harla glaðir við. Geri ég þeim eitthvað til góða, en síðan geng ég til foringjans og býð honum að koma líka, og þiggur hann það fúslega og er nú sem breyttur maður.“

„Samfylgdarfólk mitt var mjög líkt í hátt því sem Íslendingar eru; leist mér sérstaklega vel á konurnar. Var önnur þeirra dökkhærð en hin ljóshærð. Liðsmennirnir voru eitthvað af annari manngerð, og þó ekki dökkir heldur eins og gráleitir.“

*Dreymt um 15. okt. 1989, skömmu eftir að Hússein Jórdaníukonungur kom við á Íslandi.
B. S. V.*

II.

Umsögn um drauminn

Draumur þessi er athyglisverður fyrir það, hve sérstakur maður er þarna draumgjafi sögumanns. Sögumanni þykir sem þessi maður sé hann sjálfur, en svo er þó alls ekki, heldur er hann aðeins í sambandi við hann, líkt og sjónvarpsviðtæki við sendistöð. Enda er allt, sem þarna gerist

honum alókunnugt úr vöku. Mun sögusviðið vera raunverulegur staður, vafalaust á öðrum hnetti, og mætti ætla að fljótið sé jökulsá líkt og sumar ár hér á landi. Bendir það til kalds loftslags, enda virðist gróðurfar þarna nokkuð í samræmi við það, en það hve áin er mikil bendir til þess að land sé þar stærra en Ísland er. Einnig er athyglisvert, að draumgjafinn býr yfir hæfileikum sem eru þarna umfram hið venjulega, og beitir hann þeim, þegar mikið liggar við. Mun hann vera hugaður vel, og vel að sér ger líkamlega. En það, að hann er - af einhverjum - talinn vitrastur manna í landinu, jafnframt því að hafa hæfileikann til að svifa, bendir til þess, að mannbekking sé þarna allgóð, a.m.k. meðal sumra. Líklegt er að samferðafólk ið, einkum konurnar, hafi veitt stilliskilyrðin til þess að svifið tókst svo vel sem það gerði. — Þó er þarna allt annað en gott ástand, og sýnir flóttinn, að eitthvað mjög alvarlegt er þarna að gerast, annað hvort af mannavöldum eða náttúrunnar.

En það hve vel tókst til um þessa björgun gæti þó boðað það, að eitthvað færí að snúast til betri vegar, og skulum við nú óska þess að maðurinn með hina merkilegu hæfileika, og samfylgdarfólk hans, nái að koma sér sífellt betur við, svo að stórslysum verði afstýrt.

Athyglisvert er það, að viðureign hins spaka manns við liðsflokkinn, byggist í fyrstu einungis á því sem gerist í huga hans. Einskonar endurgjaldslögmál er það, sem hann beitir: í stað þess að reiðast eða óttast af hverju rúðubroti, megnar hann að snúa því til endurgjalds: rúða brotnar einnig hjá hinum. Við það verða þeir undrandi og hin illa samstilling fer að bila.

Vera má, að þessi sami, sérstaki maður, hafi orðið draumgjafi annars Íslendinga nokkrum mánuðum fyrr en þetta var. Draumfrásögn þess manns gæti bent til þess.

P. G.

Draumsýn sem skipti sköpum.


Það var laugardagskvöldið fyrir verslunarmannadaginn árið 1977. Við vorum að koma akandi austan úr Vík í Mýrdal, frændi minn og ég. Það var orðið áliðið kvölds. Eyjafjöllin dulmögnuð í kvöldhúminu. Er við ókum yfir brúna á Markarfljóti var orðið skuggsýnt. Við brúarsporðinn vestanmegin stóð ungur maður og veifaði til okkar. Við nánum staðar og hann bað um far upp að Hvolsvelli. Við tókum hann upp í og hann settist í aftursætið hægra megin. Þegar á Hvolsvöll var komið, þá lögðum við bílnum á stæðið við bensínafgreiðsluna. Ungi maðurinn þakkaði fyrir sig og fór leiðar sinnar.

En þegar við ætluðum af stað aftur, þá sáum við, að hægra afturhjólið var sprungið. Við höfðum ekki tekið eftir neinu óeðlilegu við bílinn síðasta spölinn. Það hafði sprungið þarna á stæðinu. Við skiptum nú þarna um hjól á skammri stundu. Varahjólbarðinn var nýlegur. Síðan var haldið sem leið liggar til Reykjavíkur. Ég hafði þó áhyggjur af hjólbörðunum, hélt að þeir væru að gefa sig.

Þá er það, sem fyrir mig ber draumsýn. Ég held það hafi verið um nóttina eftir að heim var komið. Ég sé fjórar stúlkur standa í ferhyrning líkt og myndin sýnir. Þær voru með spennur í hárinu, sem minntu nokkuð á felgumiðjurnar á bílum mínum (VW 1300). Efnið í þessum stóru spennum var silfurgrátt. Stúlkurnar voru augsýnilega að leika hjólin á bílum mínum og sú stúlka, sem stóð þar sem varahjólið var undir, virtist eitthvað yngri en hinár eins og varahjólbarðinn. Allar voru stúlkurnar rauðhærðar og með mikil nef, því ég sá einnig andlit þeirra og augljóslega ekki ættaðar af þessari jörð. Þær voru í ljósbláum skikkjum.

Þar sem stúlkurnar voru allar svo glaðlegar á svipinn, þá tók ég þessa sýn þannig, að öllu væri óhætt með hjólbarðana og gat lofað að aka upp í Borgarfjörð nokkrum dögum

síðar og gekk það allt vel. En það sem ég lærði annað af þessari draumsýn var, að það þarf lifandi verur til þess að sýna líflausa hluti. Þar með var leystur sá hnútur, sem ég



hafði lengi glímt við, að mér fannst vanta hold og blóð í Nýal. Það var verið að leiðbeina mér af æðri verum annars hnattar. Frá þessari stundu gat ég aftur gefið mig allan að Nýal.

Gunnar Hjörvar.

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn 09. 10 1989.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Agnar Jónsson.

(F. 24. 01. 1889, d. 16. 06. 1973).

Helgi Pjeturss: Enn er samband.

(Agnar Jónsson):

Komið blessuð og sæl.

Ingvar, komdu sæll. Pabbi þinn. Komdu sæll og blesstaður kæri Ingvar minn.

Ingvar Agnarsson: Komdu sæll.

Agnar: Líður þér þolanlega?

Ingvar: Mér líður ljómandi vel.

Agnar: Það má segja, að ég sé oft að hugsa til þín og mamma þín og fleiri. Allt vill þetta styðja þig og ykkur til betra lífs og fegurra.

Öll erum við með einhverju móti frábrugðin hvert öðru, þó öll séum við náskyld í eðli og þar af leiðandi höfum við möguleika til æ meiri sambanda í milli þrátt fyrir allan mun. Ég tala nú svona út frá mínum sjónarhóli og sjónarmiði um þessa hluti. Það er, eins og þú hefur svo oft bent á, stefnt til sambanda milli alls lífs á óendantlegum (fjölda) hnatta geimsins.

Ingvar: Ykkur móður minni líður vel?

Agnar: Jú, mér þykir vænt um, að þú spryrð um hana. Hún vill leggja orð í belg.

Ingvar: Það hafa orðið viðbrigði, þegar þú komst yfir, að vera allt í einu orðinn sjáandi frá myrkrinu hérna?

Agnar: Er í dýrðarfagurri birtu hér. Sjón mín aldrei betri en nú. Eigin sjón og sambandsskynjun. Þannig að sjón hef ég og sýn yfir heima alla næstum að segja og þá er mikil sagt, því ekki er heimurinn smá(r) — (spólu skipti).

Þar kemur kona björt og skínandi. Blessar hún ykkur öll.

Óumræðilega fögur vera.

Ingvar: Er hún frá þínum stað sú vera?

Agnar: Áreiðanlega langt að komin til okkar frá enn annarri vetrarbraut. En hún birtist hér skyndilega fyrir sjónum okkar eins og átt getur sér stað við sum tækifær.

Ingvar: Ertu þá staddur í stjörnusambandsstöð núna?

Agnar: Það er rétt. Hér er salur hinn stórkostlegasti og mannfjöldi mikill samankominn og afslvæðið hið öflugasta í salnum og stöðinni og fjargeislunin frá hinu guðlega tilverustigi til okkar stórkostlega fullkomin. Aflstraumar guðlegs eðlis magna hvern einn, er hér er staddur. Nú birtir yfir fólkini enn meir en áður við komu veru þessarar hinnar fögru og björtu til okkar. Það er undursamleg birtan, er af henni stafar, þannig að orðs er vant henni að lýsa.

Ingvar: Þið eruð þarna saman mikill fjöldi?

Agnar: Þúsundir og jafnvel tugþúsundir manna samankomnir. Hér sitja menn í salnum mikla og mynda stillihóp sterkan. Hjálpin að ofan, sem svo mætti kalla, þarf að ná til jarðar ykkar og annarra skyldra mannkynja í vetrarbrautinni til að þar verði samstillning vaxandi og samhugur um hið rétta. Lífaflasvæði ykkar hnattar er mjög ófullkomíð, vægast sagt, ennþá. Pó vonum við, að það standi til bóta með sigri hinnar réttu hugsunar og skilnings og vaxandi góðvild og samhug manna í milli. Milljónirnar gætu magnast svo, að með ólíkindum yrði af guðlegum krafti, ef rétt væri stefnt í hugsun og breytni.

Hér ætlar mamma þín að segja við þig fáein orð. Kveð þig. Blessaður, sonur. Blessuð bæði Heiða og Ingvar. Öll, verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 09. 10. 1989.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Guðlaug Guðlaugsdóttir,
(móðir Ingvars Agnarssonar).
(F. 20. 01. 1889, d. 07. 11. 1976).

(Guðlaug Guðlaugsdóttir):

Ingvar, sæll.

Ingvar Agnarsson: Já, komdu nú sæl. Þú ert móðir míن?
Guðlaug: Já, mamma þín, blesсаður og sæll.

Ingvar: Já, komdu nú blesсаður. Velkomin. Það var ánægjulegt að heyra í þér.

Guðlaug: Pabbi þinn hefur lokið sínu máli og ég tekin við stutta stund.

Blesсаður, komdu sæll, kæri Ingvar og Heiða, sæl, komdu blesсаður.

Aðalheiður Tómasdóttir: Já, sæl.

Guðlaug: Þú varst alltaf sem klettur traust og kjarkmikil, samstiltt Ingvari mínum í lífsins baráttu og þrautum. Ég skynja mikið til ykkar beggja og fylgist mikið með ykkur og langaði mig að láta ykkur vita af mér þó ekki væri nema stutta stund. Fyrir kraft lífsorkunnar töldumst við við milli hnattanna.

Aðalheiður: Búið þið saman enn?

Guðlaug: Búum við saman á fegurri jörð og höfum yfir að ráða fögrum bústað, er við köllum: Höll ástarinnar og hamingjunnar. Fyrir mínum augum er umhverfið óumræðilega fagurt. Fjöllin stórkostlega tignarleg, blámi himinsins undrafagur, gróðurinn dásamlega fagur einnig.

Aðalheiður: Þarfdu nokkuð að sofa núna. Núna áttu ekki bágt með að sofa eins og þú áttir hérna megin?

Guðlaug: Svefninn veitir mér sambönd við enn æðra tilverustig. Draumlífið er upp á við hjá okkur. Hver svefnstund er undurfögur sambandsstund upp á við og eftir því er magnan svefnins fullkomin. En þannig má segja, að við njótum í svefni ofurmagnanar guðlegrar orku. Þannig er lífið á hærra magnanarstigi miklu en á jörðinni fyrir hinn fullkomna svefn og hina fullkomnu samstillingu við hið æðra tilverustig. En okkur er í svefni sýnt bókstaflega talað lífið í alheimi. Af því höfum við margan lærdóm hlotið og fróðleik þegið.

Ingvar: Hvað ber fyrir augu þín á þessari stundu?

Guðlaug: Ákaflega fagurt um að litast í sal þeim, þar sé ég er stödd meðal þúsunda samstirninga minna og hver einn

þeirra er öðrum bjartari og fegurri ásýndum og enn fremur ber fyrir augu hér gest guðlegan að fegurð og birtu, er hingað er kominn um langan veg.

En hér hef ég oft séð birtast guðlegar verur í æðra og fegurra ljósi. Þar sem slíkar verur geta komið fram, verður lífið óviðjafnanlega miklu fegurra en ella og farsælla í alla staði.

Ingvar: Er þessi stöð ykkar upp á fjalli?

Guðlaug: Rétt, það er svo. Stöðin stendur á fjallstindi háum og yfir henni mikil birta og ljómi.

Ingvar: Hvernig komist þið þangað upp?

Guðlaug: Svífum hingað upp. Þegar afslvæðið og orkan er nægilega öflug á einhverjum hnetti, öðlast menn hæfileika til að svífa.

Ingvar: Eigið þið faðir minn heima langt frá þessari stöð?

Guðlaug: Ekki ýkja langt frá.

Nú sé ég í huga mínum til fjarlægs staðar, þar sem ég skynja hóp af fólk í einhverjum þrengingum. Langar mig að biðja ykkur að beina huga þangað með mér og fleirum hér. Það getur orðið til að greiða fyrir því, að þetta fólk komist burt úr þessum stað á æðra tilverustig eða í betra mannfélag. En það er nú hluti af ömurlegu mannfélagi. En er nú samt ekki samstillt því að öllu leyti lengur. Það eru þúsundir þarna. Nokkurskonar þrælahald þarna undir stjórn illmenna. Það þarf að losna þarna frá þessum stað.

Ingvar: Er þetta fólk frá Íslandi?

Guðlaug: Frá 17. öld sumt.

Verur af æðra tilverustigi eru að koma þarna fram til bjargar.

Ingvar: Er sá björgunarleiðangur að fara þangað núna?

Guðlaug: Á þessari stundu.

Það er afblaun ekki lítil samfara þeirri björgun. Krefst hugrekkis og fórnarlundar eigi lítillar. Æsir hafa þarna forystu til bjargar. Það kemur mikil birta með Ásum hinum fornu.

Ég þykist nú vita, að þessi tilraun muni vel takast.

Björgunartilraunin tekst.

Ingvar: Já, þú ert hérna ennþá. Ég hélt þú værir farin. Já, þakka þér innilega. Það varst þú, sem varst að segja sem sagt, að Æsir væru að koma í stöðina?

Guðlaug: Satt og rétt. Guðlegar verur þar hinar stórkost-legustu að visku og mætti og fegurð og góðoleik.

Ég kveð.

Verið blessuð.

Helgi Pjeturss: Jæja, þá er víst ekki fleira að sinni. Þökkum fyrir viðtökur í kvöld og kveðjum. Verið blessuð og sæl.

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ríkharður Wagner.

Ríkharður Wagner.

EKKI eru fá tónskáld í kringum mig hér. Hópur framlið-inna tónskálda og eru þau tónskáld kunn af verkum sínum og hæfileikum til tónsmíða. Er víst, að í tónlistinni kemur fram æðri máttur, þegar vel tekst til og tónskáldið er inn-blásið fegurð, æðri jarðneskri fegurð jafnvel. Það er þetta eðli tónlistarinnar (sem er) íhugunarvert mjög.

Það var margt, sem ég hafði í huga, sem kemur fram í óperum mínum í tónlistinni og atburðarásinni, innihaldi óperunnar. Hverníg sem mínar hugmyndir voru á þeim tíma, (þá) er ekki þar með sagt, að (þær) séu að öllu leyti hinari sömu og nú.

En ég vildi nú bera ykkur kveðjur héðan, tónskáldanna. (Vona) að þið getið heyrt einhverja fagra tóna í draumum eða í vöku-samböndum. Það þarf að ná til ykkar fegurð æðra tilverustigs. Einnig í tónum.

Þakka fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ragnhildur Gottskálksdóttir, lækningamiðill.

Ragnhildur (Gottskálksdóttir):

Jæja, komið blessuð.

Hér er ég í fögrum sal, fjölmenni hér allmikið og sam-hugur góður þeirra, er hér eru samankomnir, öflugt fólk.

Ragnhildur lækningamiðill Gottskálksdóttir.

Jæja, þið megið því treysta, að ég geri mér far um að verða að liði eins og mér er framast unnt, því mikil er þörfin víða og vissulega -

Svava Jónsdóttir: Ertu Ragnhildur Gottskálksdóttir, blessuð.

Jæja, þú nefndir mig nú og þakka vinsemdina til míni. Ég vona að geta betur gert og aðrir þeir, sem hér eru með mér, hafa fullan hug á að hjálpa.

Jón Traustason: Verður þú nokkurntíma vör við tal mitt til þín?

Jæja, blesaður, jú, ég get nú ekki neitað því.

Jón: Jæja, þakka þér fyrir það. Þú dreifst mig upp á sínum tíma.

Læknar míni voru þá öflugir mjög og gátu ýmsu til leiðar komið og enn hugsa þeir til jarðar og ekki vanþörf á liðsinni þeirra.

Jæja, þakka fyrir.

(Verið sæl)

10. 07. 1989. Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku)

Til lesenda Lífgeisla

Eins og fyrr óskar ritstjórн Lífgeisla enn eftir, að lesendur sendi efni, sem hentað gæti til birtingar í blaðinu. Það gætu verið ýmiskonar ritgerðir og hugleiðingar um efni sem fellur að tilgangi ritsins, frásagnir um sérkennilega fyrirburði, um huldufólk, fljúgandi furðuhluti o.fl. í þeim dúr, drauma og svokallaðar „dulrænar“ skynjanir af ýmsu tagi.

Tilgangur Lífgeisla er að glæða skilning á sambandseðli lífsins, og byggir meginþoðanir sínar á kenningum Nýals, sem fram komu á fyrra helmingi þessarar aldar. En, að álti okkar, aðstandenda Lífgeisla, er þar að finna nýja skilningsleið á þeim efnum sem fram að þeim tíma höfðu einkum verið viðfangsefni dulhyggjumanna, trúar og hjátrúar, en Helga Pjeturss tókst fyrstum mann að færa yfir á svið vísinda og raunhyggju.

Hér er mikið verk að vinna og svo áríðandi, að árangur fari að koma í ljós að framtíð þjóðar okkar og raunar alls mannkyns gæti verið undir því komin, að réttur skilningur fari að ryðja sér til rúms. Og hér eru það Íslendingar, sem verða að ryðja brautina ef vel á til að takast.

Nú eru jólin á næsta leyti og við óskum öllum lesendum Lífgeisla gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla,
Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT fyrir hönd Félags Nýalssinna
 Álfhólsvégi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
 Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Vetrarbrautin formfagra		
(sjá forsíðumynd) I. A.	bls.	74
Uppruni lífsins og takmark.		
Steinar Pálsson, Hlíð	"	75
Íslensk tunga og líkamlegt útlit. Gunnar Hjörvar ..	"	77
Upphof félags Nýalssinna.		
Þorsteinn Guðjónsson	"	78
Ný jarðold. Helgi Pjeturss	"	81
Lífbjarminn sýnilegi (með mynd)		
Ingvar Agnarsson	"	82
Grettisrispur (með mynd) Þorsteinn Guðjónss.	"	84
Stórheimskleg vísindi og stórheimsklegar athafnir.		
Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum	"	86
Gjöfin góða — vetrarbrautin fagra		
(með mynd) Ingvar Agnarsson	"	88
Líf er á öðrum stjörnum (með mynd)		
Þorsteinn Guðjónsson	"	90
Sýnin fagra og hlutverkið mikla. S. S. T.	"	92

LJÓÐ:

Í Lýsubjögum (með mynd) I. A.	bls.	94
Vonaland guðanna I. A.	"	95

DRAUMAR:

Flótti til sigurs. P. S. V.	bls.	96
Draumsýn sem skipti sköpum (með mynd)		
Gunnar Hjörvar	"	99

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ..	bls.	101
Agnar Jónsson	"	101
Guðlaug Guðlaugsdóttir	"	102
Ríkhardur Wagner	"	105
Ragnhildur Gottskálksdóttir	"	106

Myr:

Davíð Stefánsson (brot úr ljóði)	bls.	77
Helgi Pjeturss (úr Nýal)	"	93

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	bls.	107
-----------------------------------	------	-----